

Gátlisti fyrir Vík



Karla- og kvennameðferðin á Vík er að öllu leyti aðskilin, þar á meðal reykingasvæði og úti-
vist. Samskipti kynja eru óleyfileg.

Ekki er heimilt að fara á eigin vegum á Vík. Farið er með bifreið frá Vogu á Vík á þriðjudögum
og föstudögum. Mæting er á Vog kl. 9.00 að morgni og brottför kl. 9.30. Sama bifreið keyrir
tilbaka á Vog. Ekki er heimilt að láta sækja sig á Vík.

Allir sem fara á Vík þurfa að greiða 74.000 kr. fyrirfram hjá riturum á Vogu eða millifæra í
heimabanka og sýna kvittun fyrir greiðslunni við innskráningu á Vík. Ráðgjafar á Vogu geta
veitt þér frekari upplýsingar um þetta.

Þú þarft að hafa með þér föt til 28 daga dvalar, inni- og útifatnað, inni- og útiskó. Þvottahús er
á staðnum til að þvo fötin þín.

Munið að koma með ykkar föstu lyf á Vík fyrir a.m.k. 28 daga. Læknar á Vogu útbúa lyfjakort
sem þú afhendir ráðgjafa á Vík með lyfjunum.

- Heimsóknir á Vík eru aðeins fyrir maka og nánin skyldmenn
- Meðferðarstöðin á Vík leggur til sængurföt og handklæði
- Kortasími er á staðnum
- Það er lítil „sjoppa“ á Vík. Hægt er að kaupa gos, sælgæti, bækur, ritföng og símakort
sömu gerðar og á Vogu. Ekki er heimilt að láta senda sér sælgæti
- Tóbak er ekki selt á Vík og rafrettur eru ekki leyfðar
- Hægt er að nota debet- og kreditkort á Vík
- Ekki er hægt að hringja beint í þig á Vík. Ráðgjafar taka við skilaboðum í neðan-
greindum vaktsíma frá þeim aðstandendum sem þú gefur leyfi fyrir
- Ekki er leyfilegt að hafa með sér GSM-síma, útvarp, hljóðfæri, tölvur, vasa-hljóm-
flutningstæki, bolta, lyftingalóð og önnur slík tæki eða búnað
- Pakka- og peningasendingar þurfa að fara um Íslandspóst:

Póstfangið á Vík er:

Meðferðarstöðin Vík

162 Kjalarnes

Vaktsíminn á Vík er 530 7640 fyrir kvennameðferð og 530 7690 fyrir karlameðferð